

Ríkisútvarpið  
Efstaleit 1  
103 Reykjavík

Reykjavík, 5. júlí 2024  
UST202407-100/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir drónaflugi á Hornströndum**

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Ríkisútvarpsins, dagsett, 3. júlí 2024, um leyfi til drónaflugs inna Hornstranda.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsing nr. 332/1985](#). Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir 40 mín upptöku með dróna í Hornvík innan Hornstranda. Kort sem sýnir fyrirhugaða flugleið drónans fylgdi með umsókn. Drónin tæki á loft frá bát. Áætluð flughæð yrði 150 metrar og færi flugið fram á tímabilinu 5.-6. júlí 2024. Jafnframt færu fram tölur á jörðu niðri meðfram slóðum. Að verkefninu kæmu 2 aðilar.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar, verndargildi og aðra gesti miðað við þá flugleið sem lögð er fram sé farið að skilyrðum leyfisins. Stór hluti leiðarinnar yrði yfir sjó og fjarri fuglabjörgum. Flugið yfir Innstadal er þó í flugleið ritunnar, frá bjargi í ós, og þarf að sýna varkárni þar.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Ríkisútvarpinu fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónafluginu innan Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan 5.- 6. júlí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Umsækjanda bera að tilkynna sig til landvarðar í Hornvík áður en flug fer fram til að upplýsa hann um nánari tímasetningar flugsins og hvort óhætt sé að fjúga þann kafla sem er yfir landi. Landvörður skal vera viðstaddur þegar flugið fer fram.**

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaðra loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Óheimilt er að fljúga innan 200 metra fjarlægðar frá fuglabjörgum.
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónan á loft.
- Halda skal 40 metra fjarlægð frá grenjum og refum.
- Óheimilt er að mynda milli kl 8:00 og 20:00 við greni.
- Óheimilt er að nota drónann til að mynda eða elta dýr

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Í gjaldskrá Umhverfisstofnunar er heimild til að innheimta aukalega gjald sem nemur kr. **41.600**, eða sem nemur tveggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., vegna umsókna sem berast innan fimm virkra daga frá fyrirhuguðuverkefni sbr. 4. mgr. 29. gr. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023. Umsókn umsækjanda barst innan fimm virkra daga frá því fyrirhugað verkefni átti að hefjast. Umhverfisstofnun hefur því bætt þessari upphæð við gjaldið og mun því innheimta samtals **124.800 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Kristín Ósk Jónsdóttir  
**svæðissérfræðingur**

Pórdís Vilhelmína Bragadóttir  
**sérfræðingur**